

117

30. des.

2. gr.

Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

118

30. des.

L Ö G

um veiting ríkisborgaréttar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisborgarétt skal öðlast:

Unnur Skúladóttir Thoroddsen, frú, Kaupmannahöfn, fædd á Íslandi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

119

30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í fóst dómarasæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skulu undanþegnir ákæðum 6. tölul. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.